



Borgarráð

Reykjavík, 12. ágúst 2025

MIR24070001

Stýrihópur um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Á fundi borgarráðs þann 20. mars 2025, sbr. 17. lið fundargerðar, var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. júní 2024, varðandi endurskoðun málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði, ásamt fylgiskjöllum. Jafnframt var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 14. mars 2025, sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs sama dag varðandi umsögn menningar- og íþróttaráðs um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði, ásamt fylgiskjöllum. Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði.



Reykjavík



Reykjavík, [dags.] 2025

MIR24070001

ERINDISBRÉF
Stýrihópur um endurskoðun á
málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 13. júní 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar varðandi endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Í bréfinu kemur einnig fram að eitt af markmiðum endurskoðunarinnar er að skoða hvort þörf sé á óbreyttum sérstökum ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði. Tilefnið var umsókn Knattspyrnusambands Íslands um rekstrarleyfi í flokki II á Laugardalsvelli en í 11. gr. málsmeðferðarreglnanna er að finna þá reglu að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur. Síðustu ár hefur þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði. Borgarráð samþykkti á fundinum að vísa erindinu til meðferðar menningar- íþróttar og tómstundarráðs og fól ráðinu að leita samráðs við íþróttafélögin og aðra hagaðila.

Á fundi borgarráðs þann 20. mars 2025, var málið tekið fyrir að nýju og lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 14. mars 2025, sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs sama dag á umsögn menningar- og íþróttaráðs ásamt umsögnum hagsmunaaðila sem aflað var í samráðsferli ráðsins.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að yfirfara umsagnir menningar- og íþróttaráðs ásamt umsögnum hagsmunaaðila sem aflað var í samráðsferli ráðsins, gera tillögu að breytingum á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Þegar tillögurnar liggja fyrir skal leita umsagna hjá hagsmunaaðilum að nýju.

Stýrihópin skipa:

Líf Magneudóttir, formaður

Skúli Helgason

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Starfsmaður stýrihópsins:

Viktoría Júlía Laxdal, skrifstofa borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavík



Leitað verður ráðgjafar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanns.

Stýrihópurinn getur einnig leitað frekari ráðgjafar hjá þeim hagsmunaaðilum sem áður hafa skilað umsögnum og öðrum aðilum innan og utan borgarinnar með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 1. nóvember 2025. Ábyrgðaraðili leggur tillögurnar fyrir borgarráð til þóknanlegrar meðferðar.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík